



**Keilir**  
Miðstöð vísinda,  
fræða og atvinnulífs

## **SAGA (SAG2A06)**

### **Háskólabrú**

#### **Áfangalýsing**

Markmið námskeiðsins er að fræða nemendur um veraldar- og Íslandssögu frá um 1800 fram til nútímans. Farið verður yfir aðdraganda og áhrif frönsku byltingarinnar og Napóleonsöldina. Fjallað um stjórnmalastefnur og þjóðernishyggju á 19.öld í Evrópu, mannréttindapróun og uppgang sósíalísma á 19.öld og f.h.l. 20. aldar. Iðnbyltingin, nýlendustefnan og nýlendukapphlaupið rætt sem og áhrif þess á stórveldi 19.aldar. Fjallað um aðdraganda og atburðarás fyrri heimsstyrjaldar sem og áhrif hennar á Íslandi. Kreppan mikla og saga Sovétríkjanna könnuð, uppgangur fasísma og nasísma á millistríðsárunum ræddur. Seinni heimsstyrjöldin, aðdragandi og afleiðingar hennar á Evrópu og Ísland og að lokum Kalda stríðið. Nemendur geri sér grein fyrir rötum nútíma þjóðfélags á Íslandi sem og erlendis og öðlist yfirsýn yfir sögu Evrópu og Norður-Ameríku og helstu atriði í sögu annarra heimshluta. Þá er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér fræðileg vinnubrögð með verkefnum og ritgerð.

#### **Forkröfur**

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið grunnskólaprófi.

#### **Þrep**

Áfanginn er á 2. þrepi.

#### **Einingafjöldi**

6 framhaldsskólæiningar (feiningar).

#### **Lokamarkmið áfangans**

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- mikilvægum atriðum í Íslands- og mannkynssögu frá lokum 18. aldar til samtímans
- helstu áhrifavöldum og hugtökum mannkynssögunnar og skilja áhrif þeirra
- áreiðanleika ólíkra heimilda og mikilvægi gagnrýnnar hugsunar
- mismunandi aðferðum við að miðla þekkingu sinni
- nokkrum undirgreinum sögunnar og hugtökum í sagnfræði t.d. félagssögu, kvennasögu, listasögu, hagsögu, minni, huglægni, hlutlægni o.s.frv.
- notkun sagnfræðilegra vinnubragða
- því hvernig samfélag nútímans hefur mótast af sögunni

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- beita sagnfræðilegum vinnubrögðum í verkefnum með fjölbreyttum hætti
- leita sér heimilda og þjálfast í meðferð þeirra
- meta gildi og áreiðanleika ólíkra heimilda
- nýta frumheimildir og eftirheimildir í verkefnavinnu
- greina orsakir mikilvægra atburða í mannkynssögunni og afleiðingar þeirra
- beita gagnrýninni hugsun og rökstyðja skoðanir sínar
- vinna í misstórum hópum og bera ábyrgð á eigin verkefnum

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- rökstyðja á gagnrýninn hátt hvernig mannkynssagan hefur mótast
- afla upplýsinga í heimildum og draga ályktanir af þeim
- greina sögulegan uppruna samtímafyrirbæra
- beita gagnrýninni hugsun í þekkingaröflun og leggja sjálfstætt mat á söguleg álitamál
- vinna sjálfstætt að sögulegum rannsóknum og miðla niðurstöðum með ólíkum hætti
- skilja hvernig samfélagið mótast af sögunni
- geta beitt gagnrýninni hugsun á markvissan hátt

**Námsmat áfangans**

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og lokaprófi sem gildir til lokaeinkunnar.